



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 20. árg.

September 2005

Jesús segir: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið.“ (Jóh. 14:6)



Lífið í Kristi

Hvernig vilt þú hafa lífið þitt og fjölskyldu þinnar?

Svarið við þessari spurningu kann í fyrstu að virðast einfalt og augljóst. Er það ekki svo, - að allir menn þrá hamingjuríkt líf og farsælt? Jú, það skyldum við ætla. En þegar grannt er skoðað kemur í ljós, að hamingja og farsæld er eitt fyrir einum og annað fyrir öðrum.

Fagnaðarerindi kirkjunnar flytur boðskap um valkostina tvo - líf með Guði eða án Guðs - okkar er valið. Líf án Guðs kallar á að við finnum okkur lífsgrundvöll á eigin forsendum og stefnum til þess, sem löngun og þrá hvers og eins vill hverju sinni. Líf með Guði aftur á móti knýr okkur til að leita eftir hver vilji hans er -, sem bæði er höfundur heims og lífs.

Skaparinn einn getur birt okkur hinn sanna tilgang lífsins. Skaparinn einn getur birt þér hinn dýpsta tilgang og hið hinsta takmark lífs þíns. Þetta tvennt, tilganginn

og takmarkið birti Guð í Kristi forðum og gerir enn í trúarsamfélagi kirkjunnar.

Fyrir nær tvö þúsund árum afhenti Kristur vinum sínum, postulum kirkjunnar, hlutverk um útbreiðslu þessarar opinberunar Guðs - um tilgang, merkingu og takmark lífsins. Hlutverkið er óbreytt og hið sama og í upphafi er það var gefið. Enn sem fyrr er kirkjan að kalla til samfélags í Kristi. - „Komið til mín“, segir hann „komið til mín“ (*Matt. 11:28*).

„Leitið, biðjið og knýjið á“ segir hann nú sem fyrr. „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið“ (*Jóh. 14:6*).

Guð gefi að þú og fjölskylda þín heyri kallið - komi, sjái - og eignist lífið í Kristi.

Í Guðs friði,
sr. *Gunnlaugur Garðarsson*

Starfið í kirkjunni

ALFA

í Gleráirkirkju

ALFA-námskeiðin eru hafin í Gleráirkirkju en enn er hægt að bæta við þáttakendum. Tvö námskeið eru í gangi í Gleráirkirkju í haust. Annars vegar framhaldsnámskeið, ALFA 3 og



hins vegar námskeið fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á ALFA námskeiðum, ALFA 1. Bæði námskeiðin eru á miðvikudagskvöldum og hefjast með sameiginlegum kvöldverði kl. 19:30.

ALFA er trúfræðslunámskeið sem hefur nú verið kennt í kirkjum víða um heim í 20 ár. Þetta er fimmti veturinn sem boðið er upp á námskeiðin í Gleráirkirkju.

Nánar má fræðast um námskeiðin á www.alfa.is eða hringja í Gleráirkirkju, s. 464 8800. Fræðarar á námskeiðinu í haust eru þau Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur, Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni og Nina Dau leikskólakennari sem einnig sér um tónlistina. Þá sér Þórhildur Þórhallsdóttir um matseldina.

ALFA er opið öllum sem vilja takast á við grundvallarspurningar um kristna trú. Hvorki eru gerðar kröfur um trúarafstöðu né heimalærdóm. Þátttaka í ALFA er ekki háð neinum frekari skuldbindingum.

Frá Kór Gleráirkirkju

Kór Gleráirkirkju er að hefja vetrarstarf sitt og við getum bætt við okkur söngfólki í allar raddir.

Allar nánari upplýsingar gefur organisti kirkjunnar, Hjörtur Steinbergsson, í síma 862 2316.



Nú á baustdögum fóru liðsmenn kirkjustarfsins til samveru og fræðslu að Hólum í Hjaltadal.

Hin marglita kirkja

Fimmtudaginn 29. september kl. 17:30 mun sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi tala um hina marglita kirkju innanlands og utan á fræðslustund í Gleráirkirkju.

Kristín Þórunn starfar í stjórn Lútherska heimssambandsins og ætlar í spjalli sínu að miðla ýmsum vangaveltum sem spretta af kynnum af starfi kristinnar kirkju í okkar fjölmenninguveröld og hvernig það skilar sér upp að hinum snævi þökktu Íslandsströndum

Erindið er hluti af fræðslustundaröð Gleráirkirkju nú á haustdögum. Á næstu fræðslustundum verður fjallað um trú barna og ábyrgð okkar (3. nóvember) og um áhrif tölvuleikja á hegðun barna (24. nóvember). Fræðslustundirnar eru öllum opnar. Boðið er upp á kaffisopa og kökubita.

Að erindum loknum eru áheyrendur hvattir til að taka þátt í umræðum og koma með fyrirspurnir.

Tólf spora námskeið

Boðið verður upp á Tólf spora - andlegt ferðalag í vetur á mánudögum kl. 19:30. Um er að ræða námskeið eða vinnuferli þátttakenda þar sem rætt er um lífið og tilveruna.

Mánudagskvöldin 19.09., 26.09. og 3.10. eru opnir fundir þar sem einstaklingum gefst tækifæri á að kynna sér um hvað tólf spora snúast. Frá og með 10. október er hins vegar ekki bætt við fleiri þáttakendum.

Tólf spora henta öllum, unnið er í litlum hópum, lögð er áhersla á nafnleynd og trúnað. Enginn þarf að skilgreina sig fyrirfram, aðeins langa til að

auka við sig á félagslega og tilfinningalega sviðinu. Ekki þarf að skrá sig á námskeiðið og enginn kostnaður bundinn við þátttöku á námskeiðinu en allir hvattir til að kaupa sér bókina „Andlegt ferðalag“ og er hún til sölu í kirkjunni. Nánari upplýsingar gefa Sirrý s. 847-9025 og Þórhildur s. 862-4258 eftir kl. 17:00.

Minnt er á að opnir sporafundir eru síðasta miðvikudag í mánuði kl. 20:00 í Gleráirkirkju. Þeir eru opnir öllum sem hafa farið í gegnum bókina „Andlegt ferðalag.“

Í Skýjaborg á sunnudögum kl. 11:00

„Á mjallabvítum skýjabnoðra er lítil borg. Þessi borg er kölluð Skýjaborg. Þar eru ótal mörg húis og í öllum þessum húsum búa fjölskyldur. Eitt er svo lítið óvenjulegt við allar þessar fjölskyldur: Þær líta út eins og hendur með fingrum á.“

Þannig hefst sagan um lífið í Skýjaborg en sú saga er meginstöðin í barnastarfinu í haust. Allir krakkar sem koma í barnastarfið á sunnudögum fá fallega bók gefins frá kirkunni. Í bókinni eru tvær sögur fyrir hvern sunnudag, annars vegar sagan um húsin í Skýjaborg og hins vegar Biblíusaga dagsins. Á hverjum sunnudegi fá börnin límíða til að líma í bókina auk þess sem þau eru hvött til að líta mynd dagsins.



Fingrabrúður úr Skýjaborg.

Stefnt er að því að skipta börnunum upp í tvo hópa (grunnskólabörn / leikskólabörn) þannig að sem flest börn geti notið samvinnar.

Síðasta sunnudag hvers mánaðar er brugðið út af vananum en þá daga eru fjölskyldugudsþjónustur í kirkjunni þar sem börn og foreldrar eru hvött til virkar þátttöku í gudsþjónustunni allri.

Kveðja frá unglingskór Glerárkirkju

Hæ stelpur 11-16 ára! Við erum fjögur stelpur og hittumst á föstudögum kl. 14:45 til 15:45 til að syngja og spjalla. Meðal laga sem við erum að æfa núna eru lagasýrpur úr söngleikjum og bíómyndum. Helst vildum við fá fleiri til liðs við okkur til að efla hópinn.

Hefur þú áhuga og finnst þér gaman að syngja? Ekki vera feiminn, við tökum vel á móti þér. - Sjáumst!

Stelpurnar í unglingskórnum.

Frá Samhygð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989. Markmið samtakanna er að veita stuðning þeim sem til þeirra koma að leita sér hjálpar eftir ýmsi sorgaráföll er upp koma í lífinu. Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú lítið glaður fram á veginn. Fundir Samhygðar byrja kl. 20:00 og verða fundir vetrarins sem hér segir:

8. september, 13. október, 10. nóvember, 8. desember (jólafundur), 12. janúar, 9. febrúar, 9. mars, 6. apríl og 10. maí.

Fundirnir verða nánar auglýstir í Dag-skránni síðar og er það gert daginn fyrir hvern fund og þá verður einnig auglýst hver verður fyrirlesari á fundinum. Allir eru velkomnir án endurgjalds.

Barnakór Glerárkirkju

Barnakór Glerárkirkju var stofnaður haustið 1991 og hefur verið starfandi síðan við kirkjuna. Núverandi stjórnandi er Ásta Magnúsdóttir. Kórinn tekur virkan þátt í starfi kirkjunnar og syngur í fjölskyldugudsþjónustu í hverjum mánuði. Auk þess kemur hann fram við ýmis tækifæri, s.s. á samverum eldri borgara og er með helgileik á annan í Jólum. Æfingar kórsins eru á miðvikudögum frá 14:45 til 15:45.

Nánari upplýsingar gefur Ásta kórstjóri í síma 894-4314.



Barnakór Glerárkirkju vorið 2005.

Starf fyrir eldri börn og unglinga

Börn úr fimmtu, sjöttu og sjöundu bekkjum grunnskóla eru boðin hjartanlega velkomin í TTT starf í Glerárkirkju á fimmtudögum kl. 16:30. Umsjón með TTT starfinu í vetur hafa þær Ása Arnaldsdóttir og Sólveig Halla Kristjánsdóttir og gefur Ása nánari upplýsingar í síma 868 9171. Í TTT er lögð áhersla á samfélag barnanna og leikgleðina.

HRESSÓ nefnist unglingsstarf fyrir níundu og tíundubekkinga sem er nýhafið í Glerárkirkju með stefnu á landsmóti æskulýðsfélaga helgina 14. til 16. október næstkomandi. Í framhaldi af haustferðum fermingarbarna í októberlok hefst svo starfsemi æskulýðsfélagsins Glerbrots. Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin djákni í síma 464 8807.

Glerárkirkja tekur á móti erlendum sjálfboðaliðum

Ungt fólk í Evrópu er styrktaráætlun á vegum Evrópusambandsins en Ísland er einnig aðili að þessari áætlun. Áætluninni er ætlað að efla tengsl ungmenna á milli Evrópulanda.

Og nú hefur umsókn Glerárkirkju þess efnis að taka á móti slíkum einstaklingum verið samþykkt og má vænta þess að fyrsti sjálfboðaliðinn komi í upphafi næsta árs. Þeir sem hafa áhuga á að styðja þetta verkefni á einn eða annan hátt eru hvattir til að hafa samband við Pétur Björgvin djákna í síma 864 8451.

Athafnir í Glerárkirkju á næstunni



Sunnudagur 25. september

- *Fjölskyldugudspjónusta kl 11.00*

Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi: Ásta Magnúsdóttir. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

- *Kvöldgudspjónusta með léttri tónlist kl 20.30.*

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Krossbandið, Ragga, Snorri og Kristján leiða söng. Kaffisopi í safnaðarsal.

Sunnudagur 2. október

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 9. október

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 16. október

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 23. október

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 30. október

- *Fjölskyldugudspjónusta kl 11.*

Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakórinn syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir. Organisti Hjörtur Steinbergsson.
- *Kvöldgudspjónusta með léttri tónlist kl 20:30.*
Krossbandið leiðir söng ásamt Kór Glerárkirkju.

Miðvikudagur 2. nóvember (Allra sálna messa)

- *Helgistund kl 21.00*

Sr. Arnaldur Bárðarson, sr. Guðmundur Guðmundsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni leiða *belgihaldið*. Látinna minnst.

Sunnudagur 6. nóvember (Allra heilagra messa)

- *Barnastarf kl 11.*

- *Messa kl. 14.* Kaffiveitingar eftir messu. Sr. Guðmundur Guðmundsson predikar. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 13. nóvember

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 20. nóvember

- *Barnastarf og messa kl 11.*

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 27. nóvember

- *Fjölskyldugudspjónusta kl 11.*

Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakórinn syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

- *Aðventukvöld Glerárkirkju kl 20:30.*

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **Þriðjudaga** til **föstudaga**
kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**
Símar: í kirkju **464 8808**, heima **462 7676**
og GSM **864 8455**. Netfang: gunnlaugur@klerarkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga**
kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**
Símar í kirkju: **464 8802**, heima **462 6605**
og GSM **864 8456** Netfang: arnaldur@klerarkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni

Viðtalstímar í kirkjunni **Þriðjudaga** til **fimmtudaga**
kl. 10-12 og **eftir samkomulagi**
Símar í kirkju: **464 8807**, heima **561 4405**
og GSM **864 8451** Netfang: petur@klerarkirkja.is

Starfsmenn við Glerárkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega **kl. 11-16**. Sími **464 8800**
Heimasími hans er **462 2491** og **GSM 864 8453**

Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími **464 8804** og **GSM 862 2316**

Ráðskona er Þórhildur Þórhallsdóttir

Heimasími hennar er **462 4258** og **GSM 862 4258**

Kirkjuvörður er Jón Oddgeir Guðmundsson sími **894 4301**

Upplýsingar um annað starfsfólk á vef kirkjunnar,
www.glerarkirkja.is

Munið! Miðvikudagar: Hádegissamvera kl. 12. frá og með september til maíloka •
Alfanámskeið á kvöldin frá og með 14.sept. • Fimmtudagar: Opið hús fyrir foreldra og börn kl. 10-12. Fyrsta samvera hausts 8/9 lokasamvera 5/5 • TTT tíu til tólf ára starf 16:30 • Samverur eldri borgara einn fimmtudag í mánuði kl 15-16:30 dagana 20/10, 17/11 og 15/12.



Glerárkirkja, sími 464 8800 • www.glerarkirkja.is • Fax: 464 8809

Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: -ghs • Prentun: Ásprent Still ehf.